



Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

ÁTVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 22. október 2021  
Tilv.: ANR21100203/11.03

Efni: Tillögur að áætlunum að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfisskýrslu

Í samræmi við 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sendir atvinnuvega-nýsköpunarráðuneytið í samvinnu við Hafrannsóknastofnun upplýsingar um tillögur að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismatsskýrslu burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Tillögur að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismatsskýrslu og fylgigögnum eru aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda, [www.samradsgatt.is](http://www.samradsgatt.is), frá og með mánudeginum 25. október 2021.

Yður er gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri er til og með **6. desember 2021** og skulu þær berast á samráðsgátt stjórnvalda, [www.samradsgatt.is](http://www.samradsgatt.is).

Tillögurnar ásamt fylgiskjölum liggja einnig frammi hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

  
Kolbeinn Arnason